

14.  
14. júní

## L Ö G

um

**breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Hver landeigandi er skyldur að leyfa stjórn landssímans að leggja nauðsynlegar vírleiðslur fyrir hraðskeytatæki um land sitt, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjótt, mól o. s. frv., sé tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að vírar þessir séu lagðir yfir þau, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Verði því við komið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir, að vírleiðslurnar séu lagðar, þar sem þær snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við leiðslurnar í för með sér.

Mönnum, sem í þjónustu landsímans eru að starfa að þessum leiðslum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaus að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því aðeins að það sé óþægindalaust fyrir íbúana.

### 2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú vilja einstakir menn, bæjarfélög eða sveitarfélög leggja leiðslur fyrir hraðskeytasamband eða rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. í nánd við þá staði, þar sem eru fyrir leiðslur eða hraðskeytatæki, sem landssíminn hefir sett upp, og skal þá hinum nýju leiðslum svo fyrir komið, að eigi geti þeim hlotizt bagi eða óregla á leiðslum eða tækjum þeim, sem fyrir voru. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker atvinnumálaráðherra úr. Ef einstakir menn, bæjar- eða sveitarfélög hafa einhverskonar tæki eða leiðslur, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun hraðskeytatækja, skal stjórn landssímans heimilt að

gæra á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi tækjum **14** þessum eða leiðslum, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir **baga** 14. júní þann, er af þeim getur hlotizt.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessa starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

## L Ö G

um

**15**

14. júní

**breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr.	1,50
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fódurkökum	—	1,00
Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi	—	0,50
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	—	0,25
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu	—	1,00